8. gr.

Niður falli úr reglugerðinni 49. og 50. gr. og töluröð greina 51. til 54. breytist í samræmi við þá breytingu, þannig að 51. gr. verður 49. gr., 52. gr. verður 50. gr. o. s. frv.

9. gr.

Niður falli úr 51. gr. sem verður 49. gr. orðin: „í ábúð".

10. gr.

52. gr. sem verður 50. gr. breytist og orðist svo:
Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

11. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt heimild í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42/1969, sbr. lög nr. 43/1976, lög nr. 10/1983 og lög nr. 33/1985 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. febrúar 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

26. febrúar 1986 Nr. 98

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka, sbr. reglugerð nr. 451/1979, reglugerð nr. 331/1980, reglugerð nr. 617/1980, reglugerð nr. 232/1981, reglugerð nr. 628/1981 og reglugerð nr. 213/1985.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lán vegna nýsmíði, innflutnings og endurbóta á fiskiskipum skulu við það miðuð, að afkastageta fiskiskipastólsins aukist ekki.

Skilyrði fyrir lánveitingu til nýsmíði fiskiskipa innanlands eða erlendis svo og til kaupa á fiskiskipi erlendis frá er að skip sem umsækjandi á af sömu eða svipaðri stærð og afkastagetu verði eða hafi verið strikað endanlega út af skipaskrá. Það skip verður umsækjandi að hafa átt og rekið í a. m. k. 1 ár áður en umsókn berst. Sé skip keypt erlendis frá skal aldur þess ekki vera yfir 4 ár.

Umsókn um nýsmíði eða kaup á tilteknu fiskiskipi ásamt fullnægjandi gögnum verður að hafa borist innan 12 mánaða frá því að sambærilegt skip hvarf af skipaskrá. Lánveiting er óheimil vegna skipa sem hurfu af skipaskrá fyrir 1. janúar 1985.

Umsækjandi skal gera fullnægjandi grein fyrir fjármögnun framkvæmda umfram það sem felst í láni Fiskveiðasjóðs.

Þegar um er að ræða nýsmíði fiskiskips eða kaup á skipi erlendis frá þarf umsækjandi að geta fært sönnur á hvað fæst fyrir það skip sem hverfur af skipaskrá svo og að andvirði þess gangi til kaupanna. Það sem þá kann að vanta á að fjármögnun sé tryggð verður umsækjandi að hafa lagt inn á bundinn bankareikning eða lagt fram bankaábyrgð fyrir áður en umsókn er afgreidd.

Umsækjandi skal leggja fram rekstrar- og efnahagsreikninga fyrirtækis síns fyrir

a. m. k. tvö s. l. ár og rekstrar- og greiðsluáætlanir fyrirtækisins ásamt áætluðum efnahagsreikningi fyrstu þrjú árin, sem skipið verður í notkun.

Lán til endurbóta á fiskiskipum skulu fyrst og fremst stuðla að orkusparnaði og bættri aflameðferð.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lán úr Fiskveiðasjóði Íslands skulu skiptast í eftirgreinda lánaflokka:

A. Skipalán II.

1 .Lán vegna nýsmíði stál- eða eikarskipa innanlands.
Lánsfjárhæð má hæst vera 65% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr.
Hámarkslánstími skal vera 18 ár.

2. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í stál- eða eikarskip, svo og vegna heimsiglingarkostnaðar skipa, sem keypt eru erlendis. Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. vegna endurbóta og tækjakaupa, en allt að 65% vegna meiriháttar endurbóta og 80% vegna kaupa á aflvél.
Hámarkslánstími er 5 ár vegna tækjakaupa, 5—8 ár vegna endurbóta, 8 ár vegna kaupa á aflvél og 8—12 ár vegna meiriháttar endurbóta.
Um lánstíma og hámark heimsiglingarlána fer eftir aðalláni. Heimilt er að áskilja sérstaka aukatryggingu.

3. Lán vegna nýsmíði súðbyrðinga, þilfarsbáta úr trefjaplasti og 12 rúmlesta og minni furubáta innanlands.
Lánsfjárhæð má hæst vera 65% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr.
Hámarkslánstími skal vera 10 ár.

4. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í þilfarsbáta úr trefjaplasti, súðbyrðinga og 12 rúmlesta og minni furubáta.
Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. vegna endurbóta og tækjakaupa, en allt að 65% vegna meiriháttar endurbóta og 50% vegna kaupa á aflvél.
Hámarkslánstími er 3 ár vegna tækjakaupa, 3—5 ár vegna endurbóta, 6 ár vegna kaupa á aflvél og 5—8 ár vegna meiriháttar endurbóta. Heimilt er að áskilja sérstaka aukatryggingu.

5. Lán vegna nýsmíði botnvörpunga innanlands.
Lánsfjárhæð má hæst vera 65% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr.
Hámarkslánstími skal vera 18 ár.

6. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í botnvörpunga, svo og vegna heimsiglingarkostnaðar skipa, sem keypt eru erlendis.
Reglur um hámarkslán og hámarkslánstíma eru þær sömu og um stál- og eikarskip.
Heimilt er að áskilja sérstaka aukatryggingu.

7. Lán vegna nýsmíði opinna báta, innanlands.
Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr.
Hámarkslánstími skal vera 5 ár.
Áskilin er sérstök aukatrygging.

8. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í opna báta.
Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr.
Hámarkslánstími skal vera 3—5 ár.
Áskilin er sérstök aukatrygging.

9. Lán vegna nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis.
Lánsfjárhæð má hæst vera 60% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr.

Hámarkslánstími skal vera sá sami og gildir um nýsmíði innanlands að frádregnum aldri skips.
Heimilt er að áskilja að erlent lán a. m. k. jafnhátt láni Fiskveiðasjóðs úr þessum flokki fáist. Lán Fiskveiðasjóðs verður í sömu mynt og með sömu vöxtum og sömu gjalddögum og erlenda lánið.
Andvirði láns Fiskveiðasjóðs verður innistæða hjá sjóðnum í erlendri mynt og af þeirri innistæðu er hið erlenda lán, sem skipinu fylgir, greitt jafnóðum og það gjaldfellur. Mismunur afborgunar af innistæðunni í Fiskveiðasjóði og láninu úr Fiskveiðasjóði, breytist á hverjum gjalddaga í svonefnt afleitt lán. Ef erlent lán er áskilið eru lán í þessum flokki því í raun aldrei til lengri tíma, en erlenda lánið, sem skipinu fylgir. Hins vegar lengja afleiddu lánin lánstímann í ofangreint hámark.

10. Lán leidd af lánum vegna nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis: (sbr. lið nr. 9 í 2. gr. A).
Gjalddagar þessara lána eru 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Fyrsta vaxtagreiðsla er á fyrsta gjalddaga eftir að lánið byrjar að myndast, en fyrsta afborgunargreiðsla er á fyrsta gjalddaga eftir að lánið er fullmyndað.
11. Skipasmíðalán.
Þessi lán eru bráðabirgðalán, sem veitt eru vegna innlendrar nýsmíði fiskiskipa og útborguð í áföngum eftir því sem framkvæmdum miðar.
Skipasmíðalán eru tryggð með 1. veðrétti í nýsmíðinni. Skipasmíðalán greiðist upp af andvirði láns, þegar nýsmíðinni er lokið, ásamt áföllnum vöxtum.
Heimilt er að veita skipasmíðastöðvum slík bráðabirgðalán vegna meiriháttar endurbóta á fiskiskipum innanlands og kemur þá sjálfskuldarábyrgð viðskiptabanka í stað veðs.
12. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í þilfarsfiskiskip, sem að mati sjóðsstjórnar horfa til orkusparnaðar og bættrar orkunýtingar.
Lánsfjárhæð má hæst vera 80% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr.
Hámarkslánstími skal vera 7 ár.
13. Lán vegna verulegs viðhalds á skipi, hvort sem er á vél, bol eða búnaði þess þannig að um endurbyggingu sé að ræða er lengir notkunartíma, enda sé um útboð að ræða og fast verð.
Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr.
Hámarkslánstími skal vera 5 ár.

B. Fasteignalán II.

1. Lán til hraðfrystihúsa vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.
2. Lán til síldarverksmiðja og fiskimjölsverksmiðja vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.
3. Lán til fiskvinnsluhúsa annarra en 1. og 2., vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.
4. Lán til nýbyggingar, endurbóta á og/eða véla- og tækjakaupa í aðrar þær fasteignir, er efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44, 25. maí 1976 um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. febrúar 1986.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.